



Reykjavík 16.10.2020

UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarholt og Úlfarsárdals

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Lagt er fram bréf íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 1. október 2020 þar sem eftirfarandi fyrirspurn frá fundi ráðsins um útsýnispall á Úlfarsfelli er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs:

Samkvæmt breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir útsýnispalli við nýtt útvarpsmastur á Úlfarsfelli. Stendur til að byggja slíkan útsýnispall og ef svo er, hver er tímaáætlun þess verkefnis?

Svar: Lóð á Úlfarsfellið við Úlfarsfellsveg 29 var úthlutað til Sýnar hf. í borgarráði dags. 20. júní 2019. Í úthlutunarbréfi þá kemur fram að heimilt byggingarmagn á lóðinni er 400 fm, þar af 260 fm fyrir útsýnispall. Lóðarhafi ber allan kostnað að byggingu útsýnispalls yfir þak tækjaskýlis vegna mastursins og skal lóðarhafi hafa lokið framkvæmdum 30 mánuðum frá samþykki borgarráðs. Ekki er vitað nákvæmlega um tímaáætlunina varðandi byggingu útsýnispallsins en kvöðin um að byggja útsýnispallinn er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og kemur fram í útgefnu byggingarleyfi. Framkvæmdum við útsýnispallinn skal því lokið innan 30 mánaða frá samþykki borgarráðs sbr. kemur fram hér að framan.

f.h. skipulagsfulltrúa
Björn Ingi Edvardsson, verkefnisstjóri